

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1973.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1973.

1. VEDURFAR ÁRSINS.

Í janúar var tíðarfarið óvenju milt og var sunnan-egge suðaustanátt tíðust í mánuðinum.

Mesta snjódýpt mældist 80 cm, meðalsnjódýpt var 36 cm. Hámark hita mældist 9.4 stig 9. janúar, lágmark -11,6 stig 22. s. m.

Í febrúar var nokkuð breytileg átt, en þó einkum suðlæg. Mesta snjódýpt mældist 55 cm. 14. febrúar, meðalsnjódýpt var 38 cm.

Hámark hita mældist 6.8 stig 1. febrúar, lágmark -20.1 stig 5. s. m.

Í marz var mest ríkjandi suðlæg átt og var snjólítið. Mest var snjódýptin 40 cm. í byrjun mánaðarins, meðalsnjódýpt var 14. cm.

Hámark hita mældist 8.5 stig 11. og 21. marz, lágmark -12.5 stig 5. s. m.

Í apríl var áttin breytileg, en þó mest ríkjandi suðlæg átt.

Mest var snjódýptin 45 cm. 7. apríl, meðalsnjódýpt var 15 cm.

Hámark hita mældist 12.3 stig 23. apríl, lágmark -19.4 stig 2. s. m.

Upp úr miðjum apríl fór brum á birki að þrútna.

Í maí var breytileg átt, norðlæg átt var nú tíðari en áður. Var tíðarfarið kalt og fór gróðri hægt fram.

Snjódýpt var mest 15 cm. í byrjun mánaðarins.

Í júní var breytileg átt, óvenju kalt og allur gróður seint á ferðinni.

Þann 5. júní var skógurinn farinn að litkast en allaufgáður gat hann varla talist fyrr en 20. s. m.

Hámark hita mældist 18.4 stig 16. júní en lágmark -6.1 stig 10. júní.

Frost mældist sex sinnum í mælaskýli í mánuðinum, mest varð frostið -9.5 stig á lágmarksmæli við jörð.  
Skemmdir á trjágróðri urðu þá ekki teljandi vegna þess hve kalt hafði verið áður.

Í júlí ríkti yfirleitt norðlæg átt, þó var frekar hlýtt, en úrkomu lítið.

Hámark hita mældist 22.8 stig 11. júlí, lágmark - 0.1 stig 18. s. m.

Sláttur hófst seint, um 10. júlí hér í sveit og varla almennt fyrr en um miðjan mánuðinn.

Í ágúst var breytileg átt, frekar kalt og tíð naturfrost mældust á lágmarksmæli við jörð.

Skógurinn byrjaði slemma að sölna, eða um 24. ágúst og var í lok mánaðarins talsvert farinn að gulna.

Óvenju mikil úrkoma mældist víða norðanlands 6. ágúst, hér mældist hún 34.8 mm.

Hámark hita mældist 20.0 stig 24. ágúst, lágmark -2.1 stig í mælaskýli og -3.6 stig á lágmarksm. v/ jörð 20. s. m.

Frost mældist fjórum sinnum í mælaskýli og sex sinnum á lágmarksm. v/ jörð.

Í september var oftast suðlæg átt að tiltölu og var tíðarfar samlega hagstætt í mánuðinum.

Lauf fæk mikið af skóginum 24. sept. og var hann að mestu lauflaus í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 20.4 stig 12. september, lágmark -3.1 stig 9. s. m. Frost mældist 13 sinnum í mælaskýli.

Í október var enn suðlæg átt tíðust að tiltölu, snjór var aldrei yfir 10 cm, en talsverð frost.

Hámark hita mældist 16.6 stig, lágmark -14.3 stig 18. okt, mestur hiti 1. s. m.

Í nóvember var nokkuð breytileg átt, þó var suðlæg átt einna tíðust. Óvenju miklar frosthörkur á þessum árstíma.

Þann 3. nóvember tók að snjóa og varð snjódýptin mest 50 cm, meðalsnjódýpt 34 cm.

Hámark hita mældist 6.5 stig 7. nóvember, lágmark -22.4 stig 23. s. m.

Í desember var norðlæg átt einna mest ríkjandi, talsverður snjór var allan mánuðinn.

Mesta snjódýpt var 90 cm. 21. - 24. desember, meðalsnjódýpt var 59 cm.

Hámark hita mældist 2. desember 9.4 stig, lágmark -21.5 stig 23. s. m.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum 1973.

---

	<u>Vik frá meðall.</u>	<u>Meðalhiti C°</u>	<u>Úrkoma mm.</u>
Janúar	3.7	0.7 ( +0.9 )	29.8 ( 75.1 )
Febrúar	-3.5	-6.6 ( -0.9 )	90.9 ( 24.1 )
Marz	2.1	0.2 ( 0.6 )	28.5 ( 44.6 )
Apríl	0.7	0.8 ( 0.9 )	67.7 ( 65.6 )
Mai	-1.1	4.0 ( 7.1 )	36.7 ( 26.5 )
Júní	-1.9	6.8 ( 10.7 )	41.8 ( 114.0 )
Júlí	0.3	10.4 ( 10.4 )	27.5 ( 41.6 )
Ágúst	-0.2	9.1 ( 8.5 )	68.4 ( 41.2 )
September	0.8	7.2 ( 6.4 )	42.6 ( 73.4 )
Október	-0.6	1.4 ( 2.4 )	66.5 ( 99.8 )
Nóvember	-7.2	-7.6 ( -1.8 )	85.6 ( 218.4 )
Desember	-5.1	-7.6 ( -0.7 )	96.3 ( 125.2 )
<u>Árðó</u>		1.6 ( 3.5 )	682.3 ( 949.5 )

Tölurnar í svigum gefa til kynna hita og úrkomu ársins 1972.

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### a. Laufgun og lauffall.

Eins og áður getur fórn brum á birki að þrútna um miðjan apríl og lérki komið vel af stað.

Laufgun varð þó með seinna móti vegna kuldanna í maí og júní.

Skógurinn var farinn að litkast um 5. júní, en allaufgaður taldist henn ekki fyrr en um 20. júní.

Skógurinn fór að gulna um 24. ágúst. Laufall byrjaði um viku af september og mest af laufinu féll aðfaranótt 24. september. Skógurinn var að mestu lauflaus í lok mánaðarins. Þá var lérki, Arkangelisk, gult, en lérki Altai, að byrja að gulna.

### b. Vöxtur.

Vöxtur var nokkuð góður á greni og furu, en minni á lérki og laufplöntum.

### c. Fræfall.

Lítið var af fræi á skóginum og var því engu safnað. Talsverðu var safnað af lúpinufræi.

### d. Skaðar á trjám.

Um skemmdir af völdum snjókonu var getið í starfsskýrsla síðasta árs.

Var mjög mikið af trjám brotið og sligað hér í skóginum, en minna í öðrum skóglendum.

Einnig upðu skemmdir á barrplöntum og þá sérstaklega rauðgreni og hvítgreni hér í skóginum og í Þórðarstaðaskógi.

Engar skemmdir urðu af frosti.

3. S T A R F S F Ó L K.

---

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði og keupgreiðslur. Ákvæðisvinna er talin með í tölu yfir vinnustundir.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1973.

---

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>
Janúar	3	131	19.695.-
Febrúar	3	178	26.892.-
Mars	4	258	43.569.-
Apríl	4	220	56.078.-
Mai	14	1.147	182.510.-
Júní	26	3.072	513.986.-
Júlí	19	2.344	379.803.-
Ágúst	20	2.548.-	419.893.-
September	10	1.596	286.908.-
Október	11	1.029	207.260.-
Nóvember	11	946	171.635.-
Desember	3	149	27.013.-
<u>Alls</u>		<u>13.718</u>	<u>2.335.142.-</u>

Skipting vinnulauna:

Dagvinna	10.822	1.664.849.-
Ákvæðisv.	260	57.105.-
Eftirvinna	2.451.	531.035.-
Nv. & hdv.	185	56.742.-
Fæðispen.		25.411.-
<u>Alls</u>	<u>13.718</u>	<u>2.335.142.-</u>

Af þessu var greitt til íbúa Hálshrepps kr. 1.808.074.-  
Ráðskona var lengst af HúselmannHermansdóttir, systir  
Svafa leysti hana af eftir þörfum.  
Skógarvörður gengdi sömu störfum og áður, nema hvað hann  
sá ekki um framkvæmdir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga, nema  
sölu jólatrjáa og greina.

4. G I R Þ I N G A R .

b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður girðinga, efni ( birkistaurar ) og eftirlit og smölun varð sem hér greðnist:

	<u>Viðhaldsk.</u>	<u>Staurar.</u>	<u>Eftirl.&amp; smölun.</u>
Vaglagirðing..... kr.	8.330.00	2.600.00	1.360.00
Þórðarst.girðing. -	51.850.00	12.540.00	12.580.00
Sigríðarst.girð.. -	8.166.00	3.250.00	3.570.00
Mela&Stórhöfðag.. -	23.800.00	9.750.00	4.080.00
Sandhaugagirðing. -	22.440.00	10.080.00	7.480.00
Fellsskógargirð.. -	4.080.00	1.440.00	
Garðsgirðing..... -	5.440.00		
	<u>Alls kr. 124.100.00</u>	<u>39.660.00</u>	<u>29.070.00</u>

Viðhaldskostnaður girðinga varð meiri en nokkru sinni áður, enda fóru snjóþyngsli óvenju illa með allar girðingar.

Girðingin um Öspina í Garði var nú tekin upp, enda viðhaldskostnaður svo mikill vegna þess hve girðingarstæði er þarna slæmt, að ekki var talið fært að halda svo áfram.

Í Vaglagirðingu var bætt 20 staurum 6 feta og 20 staurum 5 feta, fúavörðum.

Ekki fékkst enn ýta til þess að hækka undir girðinguna að sunnan, en mest er þó um vert að ráða bót á fjárrennsli yfir ristarhliðið hjá Þörk, haust og vor. En vonandi næstu samkomulag um framkvæmdir í þeim málum.

Í Sigríðarstaðagirðingu var bætt 25 staurum 5 feta og 25 staurum 6 feta, fúavörðum.

Í Þórðarstaðagirðingu var bætt 30 staurum 5 feta og 150 staurum 6 feta fúavörðum. Ekki var nú farið upp á fjallið til þess að gera við girðinguna þar vegna mikilla snjóalaga og síðar bleyttu langt fram á sumar. Liggur þar fyrir mikil vinna næsta sumar.

Í Mela- og Stórhöfðagirðingu var bætt 75 staurum 5 feta og 75 staurum 6 feta, fúavörðum.

Eins og tekið hefur verið fram í síðustu skýrslum, má telja girðinguna að mestu ónýta, enda kemur það greinilega fram í árlegum viðhaldskostnaði girðingarinnar. Land Skuggabjarga þyrfti einnig að girða að nýju,

Í Sandhaugagirðingu var bætt 140 staurum 6 feta, fúavörðum, og 1 rl. gaddavír. Voru nú aðallega teknir fyri gaflar girðingarinnar og girðingin norður frá bænum.

Í Fellsskógargirðingunni var bætt 20 staurum 6 feta, fúavörðum og 1 virneti.

## 5. SKÓGARHÖGG.

### Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1973.

	<u>Staurar 4 fet</u>	<u>Staurar 5 fet</u>	<u>Staurar 6 fet</u>	<u>Eldiv. tonn</u>	<u>Efniv. tonn</u>	<u>Krónur Samtals</u>
Sala 1973		422	1.698	98.32	3.20	439.679.-
S. r. Vöglum		150	410	5.00		53.910.-
Birgðir Vöglum		<u>1.200</u>	<u>1.270</u>	<u>10.00</u>	<u>1.80</u>	<u>128.990.-</u>
		1.772	3.378	113.92	5.00	622.579.-
Birgðir 1972	<u>50</u>	<u>2.050</u>	<u>2.050</u>	<u>18.00</u>	<u>3.00</u>	<u>149.300</u>
Högg 1973		<u>1.272</u>	<u>1.328</u>	<u>95.92</u>	<u>2.00</u>	<u>473.279</u>
Tonn		<u>5.10</u>	<u>8.60</u>	<u>95.92</u>	<u>2.00</u>	<u>111.62</u>

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu gefur til kynna að seldar og afhentar viðarafurðir voru fyrir kr. 439.679.00, til eigin nota fyrir kr. 53.910.00, birgðir minkuðu um kr. 20.310.00, verðmæti alls kr. 473.279.00.

Kostnaður v/skógarhöggs, eldiviðs og staura varð kr. 504.050.-



Auk fyrr greindra tekna voru seld jólatré fyrir alls kr. 91.420.00.

Voru 20 tré tekin í Ásbyrgi, 100 í Lautu- og Þórðarstaða-skógi og 155 í Vaglaskógi, alls 275 tré, aukning um 111 tré frá s. l. ári. Væntanlega verða tekin 400- 500 tré næsta haust.

Í Vaglaskógi var aðallega unnið að því að hreinsa burt brotin tré á fjölförnustu stöðunum, einnig var höggvið í reitum nr. 411, 418 og norðan og ofan vatnsbróar.

Þá var einnig höggvið í Lautaskógi, utarlega.

Hætt er við því að reykviðar sala minni í því formi sem nú tíðkast, þar sem innflutningur á spónum til að reykja við er í aukningu. Væri athugandi hvort hægvæmt væri að afla tækja til að framleiða spæni fyrir reykhusins og niðursuðuverksmiðjurnar.

Verð á viðarkolum er yfir 200 krónur kílóíð í útsölu og væri einnig athugandi með framleiðslu á þeim.

## 6. GRÓÐRARSTÖÐ.

-----

### a. Nývirki og umbætur.

Hér skal þess getið að keypt var plast gróðurhús frá Finnlandi, stærð 20.0 x 7.5 m.

Kaupverð þess ásamt aukaplasti á annað hús, var kr. 112.036.00. Gróðurhús af sömu stærð og gerð var sent hingað frá Hallormsstað, svo nú eru hér þrjú gróðurhús af þessari stærð.

Auk þess voru smíðuð hér tvö gróðurhús 20.0 x 4.0 m. Efni, til þeirra plankar 2x4", undirstöður og plast, aðkeypt efni. Bogar eru 1/2" rör, galv. sem ég fékk ókeypis úr gamalli vatnslögn.

Þú er að ganga frá undirstöðum undir þrjú slík hús fyrir næsta vor.

### b. Fræplönut.

Sáð var í gróðurhúsin dagana 23. og 24. maí og síðast í nýja húsið 7. júní, en það týndist á afgreiðslu Eimskip í Reykjavík og kom af þeim sökum svo seint norður.

Þó seint væri sáð, sýni það sig að vel má fá dreifsetningar-  
hæfar plöntur á einu sumri af birki, lerki og furu. Erfiðar  
gengur með greni þegar svo seint vorar og svo kalt er í veðri.

Þú er að veifa um 64 þúsund plöntur í móband af þeim plöntum  
sem sáð var til í vor og væri hægt að taka annað eins til dreif-  
setningar að vori, en þess þarf ekki með þar sem meir en nóg er  
til af tveggja ára plöntum.

Sáð var 4.78 kg af fræi í 337 m<sup>2</sup> í gróðurhúsunum, auk þess var  
sáð í móbandsvafninga, birki og lerki og ýmsum tegundum í plast-  
multipotta og pappapotta, alls um 20 m<sup>2</sup>, alls í gróðurhúsum 357 m<sup>2</sup>.

Undir gler var sáð 2.33 kg. í 155 m<sup>2</sup>, alls sáð í 711 m<sup>2</sup> í 507 m<sup>2</sup>.

Þess skal að lokum getið að Norska Skógræktarfélagið sendi okkur  
fyrir tilstilli Ketils Kohmanns 12 multipotta að gjöf.

### c. Dreifsetning.

Nú voru aðeins dreifsettar 117.600 plöntur á hefðbundinn hátt,  
auk þess voru 4.400 græðlingar, allt unnið í tímavinnu.

Dreifsetningin hófst 4. júní og lauk 28. s. m. Þrjár stúlkur  
unnu að dreifsetningunni.

Ætlun um plöntur til dreifsetningar stóðest og voru afhentar  
50 þúsund plöntur til annara stöðva.

Frá 25. - ágúst - 15. nóvembervoru vafðar 205.500 plöntur í  
móband.

Því miður tókst mér ekki að halda kostnaði við móbandsaðferð-  
ina fullkomlega aðskildum. Þó má gera nokkra greins fyrir kostnaði  
við dreifplöntur, sem var frá maí til og með júlí 141.270.-  
kr. en ágúst- nóvember 259.560.00. Skógarvörður vann við móband-  
ið alltaf þegar færi gafst.

### d. Hreinsun.

Aðallega unnu tvær stúlkur við hreinsunina, einnig tveir dreng-  
ir til skiptis.

Sömu lyf voru notuð gegn illgresi og áður, en í minna magni,  
vegna þess að nú var að mestu sáð í mó og einnig vegna móbands-  
aðferðar.

### e. Umbúnaður.

Kostnaður við vetrarumbúnað var svipaður að hundraðshluta og áður eða um 4%.

Frágangur plantna var sami og áður.

### f. Afhending.

Afhentar voru um 115 þúsund plöntur, 18 þúsund plöntum færra en áætlað og munar þar mest um lerki og rauðgreni.

Til afhendingar 1974 eru áætlaðar 189.600 plöntur, þar af um 75.900 plöntur úr móbandi frá hæstinu 1972.

### g. Garðplöntur.

Garð- og hnausplöntur voru seldar fyrir kr. 139.322.00

Settir voru niður 4.400 græðlingar, alaska- og brökkuvíðir, viðja og alaskaðsp.

Smávegis var pottað af trjáplöntum ýmissa tegunda, t. d. lindifuruk, sitkagreni, svartgreni, birki o. fl.

### h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

370 kg.	12-12-17-2
100 -	14-18-18
30 -	22-11-11
40 -	kjarni
25 -	supærba
10 -	magn.sulfat.
175 -	áburðarkalk

Aðallega var borið á að vorinu, en viðbót var gefin í júlí og ágúst.

Tekin var upp sérstök áburðargjaf á sáningar í gróðurgúsum og plöntur í móbandi. Var að mestu fylgt tillögum Ketils Kohmann sem getið er um í Arsskrift for Norske Skogplansteskolet for 1972, bls. 71.

Var nú borið á vikulega, uppleyst áburðarblanda.

Skáð var í sérstaka bók, svo sem verið hefur, öll áburðargjöf, svo sprautun með öllum lyfjum.

1. Annað.

Sundurliðun á kæstnaði við rekstur gróðrarstöðvarinnar sýnir um 15% hækkun frá s. l. ári.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar 1973.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afh. plöntur...	880.502.00	
Rásk. og verkstj. 1/2 ke.		99.450.00
Séningar.....		62.730.00
Dreifsetning.....		386.410.00
Garðplöntur.....		5.440.00
Pottun.....		12.410.00
Vökvun.....		23.120.00
Afhending.....		166.940.00
Illgreiðiseyðing.....		169.230.00
Jarðvinnsla.....		22.780.00
Vetrarumbúnaður.....		43.690.00
Smíðar.....		62.390.00
Ýmsilegt.....		44.030.00
Samtals kr.	<u>880.502.00</u>	<u>1.094.031.00</u>

Engar teljandi skemmdir urðu í gróðrarstöðinni af völdum frosta.

Þó sá lítið eitt á greni í gróðrarstöðinni eftir frostið 10. júní sem varð -9.5 stig við jörð.

Lítið eitt sá á blágreni í móbandi sem tekið var út úr gróðurhúsi í ágúst og reyndar einnig á því sem var inni í gróðurhúsi fram á haust. Þó var plastið ekki tekið af því fyrr en síðari hl. september.

Þarf að fá grenið til að taka vöxtinn út fyrr að sumrinu og koma því út í júlí.

Búnaðarvörðugur til gróðurhlífur úr plasti og lágum bogum til þess að geta verið plöntur í vafningum gegn næsturfrosta.

Engin mygla sást á plöntum, enda sprautað gegn myglu.

## 7. GRÓÐURSETNING.

-----

### a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 26.075 plöntur og var kostnaður á plöntu kr. 2.81.

Aðallega unnu þrír menn við gróðursetninguna.

Í Sigríðarstaðaskógi eru tilbúnir til gróðursetningar um 3.0 ha., í Vaglaskógi 3.5 ha. og í Þórðarstaðaskógi um 1.0 ha. Ákveðið var í sumar að nota sem mest af því rauðgreni sem búið er að gróðursetja, sem jólatré, svo að hægt er að gróðursetja mikið magn bæði í Vagla-og Þórðarstaðaskógi t. d. af stafafuru.

### b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett 6.- 8. júní, í Sigríðarstaðaskógi 13. - 19. og á Sandhaugum 21. s. m.

### Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Stafafura	2/2	Pr. George	409&410	9.550
"	Lerki	2/2	Altai	Hálsn.	800
					<u>10.350</u>
Sigríðart.sk.	Stafafura	2/2	Hazelt.		6.900
"	Berfura	1/3&2/2	Thy		5.675
					<u>12.575</u>
Sandhaugar	Bergfura	"	Thy		1.750
Þórðarst.sk.	Stafafura	2/2	Hazelt.		100
"	Rauðgreni	3/4	Trysil		300
					<u>400</u>
Ásbyrgi	Rauðgreni	3/4	Trysil		1.000
					<u>1.000</u>
	<u>Samtals</u>				<u>26.075</u>

Frankvæmdir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga.

Í Fossselsskógi var gróðursett 3. júlí.

Tafla yfit tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufj.</u>
Roségelskógur	Rauðgreni	3/4	Trysil	270
"	Sitkagreni	2/3	Homer	175
"	Sitkabast.	2/3	Lawing	175
				<u>620</u>
Illugastaðir	Birki	2/2	Hallorms.	<u>1.000</u>
Ártún	Birki	2/0	Geitag.	750
"	Bergfura	1/3	Thy	400
"	Stafafura	1/3	Hazelt.	350
"	Sitkagreni	2/3	Homer	100
"	Sitkabast.	2/3	Lawing	100
"	Lerki	2/2	Altai	50
				<u>1.750</u>
Fellsskógur	Rauðgreni	3/4	Trysil	<u>2.400</u>
Stafn	Sitkagreni	2/3	Homer	100
"	Sitkabast.	2/3	Lawing	250
"	Stafafura	2/2	Pr. George	1.000
"	Lerki	2/2	Altai	200
				<u>1.550</u>
Veiðih. Laxamýri	Birki	2/2	Hallorms.	<u>950</u>
Árnes	Birki	2/2	"	750
"	"	2/0	Geitag.	750
				<u>1.500</u>
Laugaból	Sitkagreni	2/3	Homer	300
"	Sitkabast.	2/3	Lawing	300
"	Lerki	2/2	Altai	200
				<u>800</u>
Hveravellir	Birki	2/2	Hallorms.	100
"	"	2/0	Geirag.	100
"	Sitkagreni	2/3	Homer	50
"	Sitkabast.	2/3	Lawing	50
"	Stafafura	2/2	Pr. George	100
				<u>400</u>
	<u>Samtals</u>			<u>10.970</u>

Kostnaður vegna framkvæmda í Fössselsskógi varð kr. 6.552.00 og skiptist þannig:

Gróðursetning.....	10 stundir	kr. 1.533.00
Hirðing, áburðargjöf....	40       "	- 5.019.00
<u>Samtals</u>		<u>Kr. 6.552.00</u>

Áburðargjöf var sk. 6 af kjarna á rauðgreni.

Tekin voru 150 jólatré í Fössselsskógi og sá skógarvörður um töku þeirra og sölu, einnig greina, í sýslunni, en félaginu tókst ekki að fá neinn annan til starfans.

Vinnustundir skógarvarðar við sölu og allan undirbúning var 124 stundir, þar af 58 stundir í eftir- nætur- og helgi- dagavinnu.

Í október ákvað skógarvörður að láta af störfum hjá félaginu, en áður hafði skógræktarstjóri gefið um það yfirlýsingu að skógarverði bæri engin skylda til þess að sinna störfum fyrir félagið.

Þar sem skógræktarstjóra og formanni Skógræktarfélags Íslands eiga að vera kunna/ástæðurnar fyrir því að skógarv. lét af störfum hjá félaginu, verður það ekki nánar rakið hér, en jafnframt skal það einnig tekið fram að samstarfið við stjórn og formann félagsins var alla tíð með ágætum og eru þar aðrir aðilar sem réðu því að fyrrgreind ákvörðun var tekin, eða urðu þess valdandi.

## 8. H I R Ð I N G.

### A. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Í Vaglaskógi var höggvið ofan af lerki í reit nr. 318.

Borinn var á tilbúinn áburður í reit 409, norður hl, þar var svo tekið nokkuð af jólatrjám.

Mikil vinna fór í fjarlægja brotin tré á fjölförnustu ferðamanna stöðunum.

Í Sigríðarstaðaskógi voru grisjaðir um 3.5 ha. fyrir gróðursetningu næsta ár.

Því miður var ekkert unnið að umhirðu í Fellsskógi, sem var þó þörf á, enn mannaflí fékkst þar ekki í grennd, svo sem vonir stóðu þó til.

Í Ásbyrgi var unnið að grisjun eftir því sem tók voru á, einnig var borið á rauðgreni þar, en þar var sama sagan og í Fellsskógi, takmarkað vinnuafli.

Í Þórðarstaða- og Lautaskógi var borið á rauðgreni, sem síðar er ætlað að nota sem jólatré.

## 9. V E G A G E R D.

-----

Aðeins var um venjulega heflun að ræða hér í skóginum. Lítilsháttar var borið í veginn hér suður skóginn, en var þó full þörf á verulegum umbótum.

Mikil þörf er á ofaníburði í veginna hér í skóginum, sérstaklega efra-vegi, sem mikið er notaður af ferðafólki.

Varla verður hjá því komist að lagfræra og hækka upp veginn upp í Vagli eigi þar að vera áframhaldandi búseta.

## 10. B Y G G I N G A R.

-----

### a. Nýjar byggingar.

Hafin var bygging skemmu, er það stálgrinda hús frá Héðni h/f, 10.0 x 20.0 m að stærð.

Bogar, 7 stk., eru hingað komnir, ásamt plasti í stað glugga, jární á mæni, þaksaumi, boltum og fleira og er kaupverð þess hluta 403.593.00. Hafa þegar verið greiddar kr. 200.000.00 af þeirri upphæð, eftirstöðvarnar greiðast á 18. mánuðum.

Annað aðkeypt efni, járn, timbur, steypa kr. 359.820.00, vinnulaun kr. 73.780.00.=

Þúð er að steypa upp grunn, en eftir að fylla í hann. Þessi bygging fullgerð, breytir allri stærðstöðu hér til hins betra. Er það mikils virði að geta nýtt þá aðstöðu fyrir ýmiss verkefni og þá einnig að geta bætt aðstöðu starfsmanna.



b. Viðhald og endurbætur.

Á Vöglum I var máluð ferstofa og lagfærð tvö herbergi, sem skemmdust í brunanum þar.

Er enn eftir að mála allt húsið að utan ásamt fleira. Ennfremur liggur fyrir að endurnýja vatnslögn frá vatnsbóli og heim.

Á Vöglum II voru máluð tvö herbergi í kjallara og fimm herbergi á hæðinni, einnig lökkuð gólf. Fyrir liggur að mála húsið utan.

Í Starfsmannabústað var málað eldhús, búr og tvö herbergi og snyrtingar, lakkað gólf.

Á Þórðarstöðum var sett ný útihurð.

Með tilkomu skemmunnar fer vonandi að styttest í það að hægt verði að rífa Brúarlund.

11. VÉLAR VERKFERI.

a. Mótórvélar.

Reksturskostnaður dráttarvéla varð kr. 60.252.00, þar af olíur kr. 13.868.00

Skípt var á bifreiðinni Þ. 1484 og nýrri bifreið sömu tegundar og gerðar, var það um miðjan maí. Eðnkenni þeirrar bifreiðar er Þ. 2098.

Reyndist sú nýja illa að því leiti að girkassar biluðu tvisvar, skömmu eftir að bifreiðin kom og á versta tíma. Tók um hálfan mánuð í hvert skipti að fá úrbætur.

Reksturskostnaður bifreiða varð kr. 101.785.00, þar af benzín og olíur kr. 59.705.00.

b. Vélar og verkferi.

Ný kjarrsög var fengin á árinu. Keðjusög vantar í Ásbyrgi.

Þörf er á að kaupa viðarkleyf, birkingavél og þó kanski ekki hvað sízt vindu á dráttarvél til að létta það erfiðasta við skógarhöggið, útdráttinn.

## 12. Ý M I S L E G T.

### a. Ferðafólk.

Eins og undanfarin sumur var ferðafólk margt og umgengni góð.

Engar skemmtanir voru um verzlunarmannahelgina og var það mikill léttir. Um þá helgi og einnig um hvítasunnuna var hér viðbúnaður með löggæzlu, ef nauðsyn krefði. En til þess kom þó ekki vegna óveðurs báðar helgarnar.

Komið var vatnslögn í Stórarjóður.

Kostnaður við útivistarsvaði var kr. 64.940.00, þar af vegna Ásbyrgis kr. 38.420.00 og er þar með talin grisjun.

### b. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður sá að venju um framkvæmdir í skóglendum Skógræktar ríkisins, auk þess sem hann leiðbeindi um gróðursetningu á Hvaravöllum, Sellandi og víðar.

Færnar voru venjulegar eftirlitsferðir, skógarvörður mætti á aðalfundi Skógræktarfélags S.-Þingeyinga og sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands.

Breytingar á rekstri gróðrarstöðvarinnar krefjast auðvitað meira eftirlits og meiri vinnu og nákvæmni ef vel á að takast, jafnframt því sem þörfin á leiðbeiningum til einstaklinga og félaga eykst með hverju ári.

### c. Ýmislegt.

Í júlí kom skógræktarstjóri hér með hóp skógræktarstjóra frá öllum norðurlöndunum, ásamt frúm og fylgdarliði.

Að venju hélt Héráðssamband N.-Þingeyinga, samkomu í Ásbyrgi í júlí.

Bornir voru 40 sk. af áburði á sáningu síðasta árs á Hálsmelum.

Búið er að sá í mestan hluta melanna innan girðingar og er nú komið að því að hætta að mestu áburðargjöf og gera í þess stað tilraunir með hvaða trjágróður geti bezt þrifist þar.

Í Belgsárhöfða var sáð í og borið á um 3.5 ha. lands, auk þess sem borið var á sáningu síðasta árs, alls nokk- aðir 60 sk. af áburði þar.

Um leið egundirritaður sendir 25. starfsskýrsluna, er samstarf þakkað og um leið berin fram ósk um meiri og betri árangur skógrækt í landinu til framtíttar.

Vöglum 26. janúar 1974.

